

## **Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík  
Sími: 411-6060 / Fax: 411-6070  
borgarskjalasafn@reykjavik.is  
www.borgarskjalasafn.is

# **Guðmundur Ásbjörnsson**

## **Forseti bæjarstjórnar**

(1880-1952)

**- Skjalaskrá -**

## Einkaskjalasafn nr. 201

# Guðmundur Ásbjörnsson forseti bæjarstjórnar

Guðmundur Ásbjörnsson var fæddur 11. september 1880 á Brennu á Eyrarbakka og lést 15. febrúar 1952. Foreldrar hans voru Ásbjörn Ásbjörnsson tómthúsmaður þar og kona hans Guðrún Sigurðardóttir Björnssonar í Garðhúsum á Eyrarbakka, fædd 1808, dáin 13. febrúar 1881.

Guðmundur var trésmiður að iðn, lauk sveinsprófi á Eyrarbakka árið 1900. Hann fluttist til Reykjavíkur 1902 og stundaði þar sjómennsku sem fyrr á Eyrarbakka til hausts það ár, en síðan trésmiðar í Reykjavík. Hlutafélagið Vísi stofnaði Guðmundur ásamt Þorvaldi Guðmundssyni og Sigurjóni Jónssyni. Hann stofnaði eigin vinnustofu 1913 og verzlun í tengslum við hana, Verzlunina Vísi (stofnuð 1915), og var hún sameign hans og Sigurbjarnar Þorkelssonar.

Þann 31. janúar 1918 var Guðmundur kosinn fyrst í bæjarstjórn Reykjavíkur og átti þar sæti óslitið til æviloka. Hann var kosinn forseti bæjarstjórnar Reykjavíkur 4. febrúar 1926. Þá var hann kosinn í tvær helstu nefndir bæjarstjórnar á þessum tíma, veganefnd og byggingarnefnd og sat hann í öllum helstu nefndum og ráðum, sem bæjarstjórn hefur kosið í, þann tíma sem hann átti sæti í bæjarstjórn. Guðmundur sat í bæjarráði frá stofnun þess 1933 og til æviloka og var settur borgarstjóri um lengri eða skemmri tíma, og þá einnig eftir fráfall Jóns Þorlákssonar. Hann átti sæti í byggingarnefnd, brunamálanefnd, framfærslunefnd, fasteignanefnd og veganefnd. Hann var iðulega fulltrúi höfuðborgarinnar við ýmis hátíðleg tækifæri, s.s. á Snorrahátiðinni í Noregi 1948 og á 400 ára afmæli Helsingforsborgar árið 1950.

Guðmundur sat um skeið í stjórn Trésmiðafélags Reykjavíkur, Kaupmannafélagsins og Verzlunarráðsins. Hann var formaður Talsímanotendafélags Reykjavíkur. Hann var einnig formaður fiskveiðahlutafélagsins Hrannar hf. og blaðaútgáfufélagsins Árvakurs hf. Þá var Guðmundur einn stofnenda Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og í stjórn hans frá upphafi, þ.e. 1932, stjórnarformaður var hann frá 1935 til dauðadags.

Guðmundur bjó fyrst á Njálsgötu 30, síðar á Fjölnisvegi 9. Hann var ókvæntur og barnlaus.

Pétur Kristinsson, lögregluþjónn og fjölskylda hans bjuggu á sömu stöðum og fylgdu skjöl Péturs með skjölum Guðmundar þegar þau komu á Borgarskjalasafn; sjá skjalaskrá Péturs Kristinssonar, nr. 202. Má vera að skjöl sem tilheyra safni Guðmundar hafi slæðst með safni Péturs, og öfugt; ekki var unnt að koma í veg fyrir slíkt.

Starfsmaður Árbæjarsafns afhenti skjöl þessi Borgarskjalasafni í febrúar 2001.

Ásta E. Kolbeins, ekkja Andrésar Péturssonar, færði Árbæjarsafni skjölin.

Í geymslu í Borgarskjalasafni fundust tvær ljósmyndir, önnur er af Guðmundi Ásbjörnssyni, hin er af heimili hans. Myndirnar voru í brúnum, lúnum umbúðapappír sem merktur var Gísla Halldórssyni.

## Skjalaskrá

### Askja 1

- Ræða til heiðurs Guðmundi Ásbjörnssyni, forseta bæjarstjórnar Reykjavíkur í tilefni 25 ára starfsafmælis, 1951.
- Sveinspróf í skósmíði til handa Jóni Ásbjörnssyni, 1896.
- Vegabréf Guðmundar Ásbjörnssonar, 1929.
- Ökuskríteini Guðmundar Ásbjörnssonar, 1934.
- Fjármál: M.a. Grunnleigusamningur, kaupsamningur, lóðarréttindi við Þingvallavatn, viðauki við brunatryggingarskríteini, tryggingarmál, afsal, bifreiðarsala, leigumáli við Bandaríkin, skattreikningar, flugfarmiði, kvittanir; kaupþilboð, skuldaviðurkenningar, víxlar, einkaskipti á búi.
- Líftryggingarbréf Guðmundar Ásbjörnssonar, Snedkerlærning, 29. desember 1896.
- Dagbók, 1950; kompur, þrjár.
- Bréf yfirkjörstjórnar í Reykjavík: Guðmundur Ásbjörnsson 5. varaþingmaður Reykjavíkur, 8. júlí 1942.
- Trúnaðarmál: Eftirlit, njósnir á Íslandi, ca. 1942-1952. Mögulega úr fórum Péturs Kristinssonar.
- Ræður Guðmundar við ýmis tækifæri, ca. 1930-1950.
- Símskeyti, 1951.
- Radio-Telegramm til Guðmundar Ásbjörnssonar, frá forsætisráðherra, í umslagi.
- Ljósmyndir í ramma, af Guðmundi í stól í stofu, umkringdum blómum.
- Ljósmyndir af sama, tvær.
- Ljósmyndir af sama, á ýmsum aldri; ljósmyndir í ramma, af manni og konu með tveimur drengjum (sonum): ljósmyndir af börnum, á hörðum pappa (úr albúmi); ljósmynd úr jarðarför með heiðursfylgd lögreglu; ljósmynd af hjónum, konan í skautbúningi, hann með orður (Jakob Möller og kona hans?); ljósmynd af stúdentum í gróf Miðbæjarskólans; ljósmynd af konu; ljósmynd af konu með börnum sínum; ljósmynd af ungum pilti.
- Ljósmyndir, sumar frá Portúgal.
- Ljósmyndir, voru saman í umslagi.
- Mynd af skólabörnum, úr bók.
- Ljósmynd í ramma af hönd (Guðmundar?) með hefil á fjöl.
- Blöð úr stílabók með ættfræðiupplýsingum.
- Grafskrift, í fóló-broti: Ásbjörn Ásbjörnsson fæddur 18. Maí 1836. Kvæntist þ. 10. Júní 1877, Guðríði Sigurðardóttur. Þau eignuðust tvo syni, sem báðir lifa. Varð ekkjumaður 14. Maí 1900. Dáinn 29. September 1909.
- Grafskrift, í fóló-broti: Guðrún Ólafsdóttir, f. 1794, d. 16. mars 1873.
- Líkræða Ólafs sáluga Kortssonar. Líkræða þessi er samantekin af Prestinum síra Jóni Guttormssini á Móum og frumflutt í Saurbæar kirkju þan 29da Juli 1861.
- Tanker (ljóð) ved Olafs konfirmation 26 – 3 – 50.
- Handrit: Ættargrafreiturrinn, Sigurjón Jónsson íslenskaði, Reykjavík, Vísir, 1908.
- Blöð úr stílabók með texta.
- Lækningin, saga úr hefti, vantar kápu.

- Púðurkerlingar II, sem Plausor þeytir út til þingmannaæfnanna, kosningadaginn 10. september 1908, Reykjavík 1918; Jólasveinar 1914. Reykjavík 1914.
- Lýs þú fáni, nótur; Ljóðabók, stúdentasöngvar; ljóð, á ensku; ljóð á íslensku; Rotary – þula; Þingvísur eftir Eirík Einarsson, 1939; stökur.
- Jólakort, auglýsing um jólaguðsþjónustu, K.F.U.M.
- Póstkort: Merki Íslands; Friðrik Friðriksson, framkvæmdastjóri, 20 ára afmæli KFUM, 2.1. 99—2. 1. 1919; auglýsingaspjald; myndir, landslag, seglskútur, fjórar; Gamla vatnspróin Reykjavík; litmynd: The Needles; Biblíumyndir, tvær.
- Þjóðleikhúsið. Hátíðasýning og hljómleikar til heiðurs konungi og drottningu Danmerkur, miðvikudaginn 11. apríl 1956.
- Blað úr stílabók með enskum mannanöfnum, eins og þau skal bera fram.
- Ástkæra fósturmold, lítill miði með mynd af Íslandi.
- Úrklippa, úr Morgunblaðinu 3. mars 1944: Uppdrættir Melaskólans samþykktir. Guðm. Ásbjörnsson hreyfir gagnrýni.
- Úrklippa: Grínmynd af Guðmundi Ásbjörnssyni: Mannvalið á íhaldslistanum.
- Útboðslýsing innanbæjar jarðstrengjakerfi 33 KV. Rafmagnsveita Reykjavíkur.
- Gjörðabók Talsímanotendafélags Reykjavíkur, stofnfundur 21. nóv. 1931 í Nýja bíói;
- Kassabók, 1936; vörutalning, 31. des. 1943.
- Innrömmun 1944-1949.
- Reglugerð fyrir hlutafélagið „Vísir“ í Reykjavík, 1. apríl 1908.
- Happdrættismiði; aftan á eru titlar sálma; happdrætti Reykvíkingafélagsins, happdrættismiði, 1943.
- Tivolí, skemmtigarður Reykvíkinga, ársskírteini, 1951.
- Haraldur Árnason, Reykjavík, auglýsingarspjald.
- Ferðafélag Íslands, félagsskírteini, 1941.
- Ferðabæklingur til Þýskalands.
- Skrár bæjarnafna í Reykjavík, tvær.
- Skrá úr stílabók (skrá um tegundir vindla).
- Áhaldaaskja með ýmsum reiknitólum.

## Askja 2 (böggull)

- Ljósmynd í ramma af Guðmundi Ásbjörnssyni.
- Ljósmynd í ramma af Fjölnisvegi 9, íbúðarhúsi Guðmundar Ásbjörnssonar.

Skráð: Ragnhildur Bragadóttir